

BORGARRÁÐ 7. september 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ræstistarfsfólki verði kleift að nota mötuneyti borgarinnar - R17090065

Hópur starfsfólks vinnur gott starf við ræstingar eða önnur sambærileg störf í þágu Reykjavíkurborgar og hefur fasta starfsstöð í stofnunum, t.d. á Höfðatorgi eða í Ráðhúsi. Þessu starfsfólki er þó ekki heimilt að nýta sér þjónustu mötuneytanna á þessum stöðum þar sem það er á vegum verktaka. Lagt er til að í samvinnu við viðkomandi verktaka verði umræddu starfsfólki heimilað að nýta sér þjónustu mötuneytanna á sömu kjörum og borgarstarfsmenn njóta.

26. september 2017

Aðgangur að mötuneytum stjórnsýsluhúsa

Re. BORGARRÁÐ 7. september 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ræstistarfsfólki verði kleift að nota mötuneyti borgarinnar - R17090065

Tillagan:

Hópur starfsfólks vinnur gott starf við ræstingar eða önnur sambærileg störf í þágu Reykjavíkurborgar og hefur fasta starfsstöð í stofnunum, t.d. á Höfðatorgi eða í Ráðhúsi. Þessu starfsfólki er þó ekki heimilt að nýta sér þjónustu mötuneytanna á þessum stöðum þar sem það er á vegum verktaka. Lagt er til að í samvinnu við viðkomandi verktaka verði umræddu starfsfólki heimilað að nýta sér þjónustu mötuneytanna á sömu kjörum og borgarstarfsmenn njóta.

Umsögn:

Rétt er að taka það fram að Skrifstofa þjónustu og reksturs getur aðeins svarað fyrir mötuneyti stjórnsýsluhúsa, en ekki önnur mötuneyti eða aðra starfsstaði verktaka hjá Reykjavíkurborg.

Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur sá möguleiki, að starfsfólk verktaka við störf í stjórnsýsluhúsum nýti sér þjónustu mötuneyta, alltaf verið fyrir hendi. Verktakar sem vinna fyrir borgina borða reglulega í mötuneytum þegar þeir sinna störfum í öðru hvoru húsinu. Þetta fyrirkomulag hefur verið þannig um langa hríð og engum verktaka eða starfsmönnum verktaka hefur verið meinaður aðgangur að mötuneytum stjórnsýsluhúsanna. Verktakar hafa einnig haft aðgang að kaffistofum eins og starfsmenn borgarinnar. Starfsfólki verktaka er eins og öðrum í sjálfsveld sett hvort þau nýta sér þennan aðgang eða ekki.

Óskir um nýtingu mötuneytisþjónustu hefur alfarið verið á höndum verktakanna sjálfra eða starfsmanna þeirra, en engin slík ósk hefur borist frá ISS eða starfsfólki fyrirtækisins. Né heldur barst slík ósk frá Sólaræstingu sem hafði ræstingu með höndum árin áður en ISS tók við fyrir fjórum árum síðan.

Eftir að fyrirspurn frá kjörnum fulltrúum um þetta mál barst SPR, var haft samband við ISS og þeim greint frá því fyrirkomulagi sem er við lýði. Fulltrúar ISS brugðust fljótt og vel við þegar erindið var borið upp við þau í byrjun september og farið fram á að bjóða starfsfólki fyrirtækisins að nýta sér mötuneytin.

Fyrirkomlagið verður með sama hætti og hjá öðrum verktökum.

- ISS sendir nöfn og kennitölur starfsmanna þeirra í stjórnsýsluhúsunum til SPR
- SPR kemur upplýsingum um starfsmenn ISS til Múlakaffis, sem sinnir mötuneytunum
- Múlakaffi sendir reikning til ISS vegna máltíða starfsfólks
- ISS dregur hlut starfsmanns frá launum þeirra
- Það er á ábyrgð ISS að ganga frá fyrirkomulaginu gagnvart eigin starfsfólki og tilkynna þeim þar um

Virðingarfyllt,

Halldór Nikulás

Deildarstjóri þjónustudeildar